

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. desember 2019:**

Lagt er til að niðurstöður reykvískra grunnskóla í PISA-könnuninni verði gerðar opinberar. Sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í einstökum greinum; lesskilningi, náttúruvísindum og stærðfræði verði sendar viðkomandi skólastjórnendum, skólaráði og stjórn foreldrafélags í því skyni að hvetja til upplýstra umræðna um kennsluhætti og námsárangur.